

Fimmtudaginn 17. október 1991.

Nr. 295/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Sigurjóni Gunnari Halldórssyni**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Nauðgun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1991 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Gunnar Halldórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmans, 50.000 krónur.

**Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 11. júní 1991.**

Ár 1991, þriðjudaginn 11. júní, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í dómsal embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 919/91: Ákærvaldið gegn Sigurjóni Gunnari Halldórssyni, sem tekið var til dóms 30. maí s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 23. apríl 1991, gegn ákærða, Sigurjóni Gunnari Halldórssyni atvinnurekanda, með lögheimili að Munaðarhóli 18, Hellissandi, með dvalarstað að Engihjalla 15,

Kópavogi, áður til heimilis að Skerseyrarvegi 1 A, Hafnarfirði, kt. 120170-3849, fæddum í Reykjavík, „fyrir nauðgun með því að hafa snemma morgunsunnudaginn 2. desember 1990 í stofu á heimili sínu þröngvað X [...] til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Hinn 2. desember 1990 kl. 15.05 kom X [...] á skrifstofu RLR og kærði Sigurjón Gunnar Halldórsson, ákærða í máli þessu, fyrir nauðgun. Kom kærandi í fylgd ráðgjafa úr hópi um nauðgunarmál, sem kærandi hafði rætt við þá skömmu áður í Kvennaathvarfinu.

Við meðferð málsins hefur vitnið X skýrt frá því, að hún hafi verið gestkomandi á heimili Sigurjóns aðfaranótt 2. desember sl., og hafi hann þvingað sig með ofbeldi til samfara. Vitnið kvað þau vera kunningja, og hann hefði boðið sér í „partý“ ásamt fleira fólki. Hún hafi komið þangað eftir miðnætti og þau setið og spjallað, en fyrr um kvöldið hafi þau bæði verið í afmæli hjá vinkonu hennar. Sigurjón hafi boðið sér áfengi, sem hún hafi þegið, en þá hafi klukkan verið um 2.30. Gestir hafi komið eftir það, Kristján og tvær stelpur, en þau stansað stutt. Kristján hafi ætlað að aka foreldrum sínum til Sandgerðis, en koma við eftir það. Hún hafi búist við, að vinkona sín, A, kæmi, en ekkert hafi bólað á henni. Ákærði hafi farið að leita á sig, en hún ekkert tekið undir það og vísað honum frá. Vegna kunningsskapar þeirra hafi hún ekki talið sig þurfa að óttast neitt. Ákærði hafi ekki beitt sig ofbeldi, en ekki hætt alveg og hún talið sig geta treyst honum. Um nóttina hafi bifreið komið að húsinu og Sigurjón farið út, þá hafi klukkan verið í kringum 5.00. Er hún hafi litið út um gluggann, hafi hún séð, að þar var Kristján á ferð og ákærði verið að tala við hann. Sigurjón hafi borið, er hann kom inn, að Kristján ætti eftir að aka foreldrum sínum til Sandgerðis og kæmi við í bakaleiðinni. Á það hafi hún treyst, þar sem hún hafi búist við, að hann æki sér heim, fengið sér í annað glas, en orðið þreytt og lagst fyrir í sófanum. Ákærði hafi á ný leitað á sig og hún beðið hann um að hætta, því að hún vildi ekkert svona. Ákærði hafi sagt, að betra væri að sofa í sófanum, þegar hann væri útdreginn, en hún þá sagt honum, að hún ætlaði ekki að sofa þarna, heldur hvíla sig í smástund. Ákærði hafi samt sem áður dregið út sófann og sjálfur borið, að hann ætlaði sér að sofa inni í svefnherbergi. Ákærði hafi komið fram í stofuna með sæng, en hún hafi legið fullklædd í sófanum, íklædd síðri hnepptri peysu, rúllukragapeysu og topp að ofan, en að neðan

síðbuxum, „gammósíum“, sokkum og nærbuxum. Ákærði hafi verið í buxum, skyrту og sokkum. Ákærði hafi lagt sængina yfir sig og sjálfur lagst við hliðina á sér í sófanum. Hún hafi þá sest upp, en ákærði dregið hana niður og sagt, að hann ætlaði sér ekki að gera neitt. Hún hafi snúið í ákærða bakinu, en hann reynt að kyssa sig. Þá hafi hún reynt að setjast upp, en ákærði haldið sér niðri með því að halda um báða úlnliði. Þannig hafi ákærði snúið sér á bakið, sest ofan á sig og haldið sér niðri með þunga sínum. Hún hafi orðið hrædd og barist um, en ekki tekist að losna, þar sem ákærði hafi verið sterkari. Ákærði hafi síðan tekið um báðar hendur hennar með annarri hendi, en rennt niður buxnaklaufinni með hinni. Fæturna hafi hann notað til þess að ýta síðbuxum hennar og nærbuxum niður fótleggina, en setið ofan á sér á meðan og haldið um báðar hendurnar. Þá hafi hún sagt við ákærða: „Veistu, hvað þú ert í þann veginn að fara að gera?“ Ákærði hafi borið, að hann vissi það, en ætlaði sér það samt, þó svo að hann sæi eftir því á morgun. X kvaðst hafa grátið og barist um eins og hún hafi getað, en fundið, að hún varð þrekminni. Ákærði hafi farið úr síðbuxum, sitjandi ofan á sér. Þegar hann hafi verið kominn úr síðbuxum og nærbuxum, hafi hún öskrað og sagt honum að hætta þessu, en hann gripið fyrir vit henni og sagt: „Þetta skaltu, sko, ekki gera.“ Þegar ákærði hafi sjálfur verið kominn úr buxunum, hafi hann glennt fætur hennar í sundur með fótunum, hún hafi reynt að berjast um, en verið orðin máttfarin. Ákærði hafi haldið um báða úlnliði og tekist að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar. Hann hafi reynt að viðhafa samfarahreyfingar, en orðið að hætta á milli, vegna þess að hún hafi enn barist mikið um. Ákærði hafi ýmist tekið getnarliminn út á milli eða ekki, en aldrei sieppt tókunum á sér. X kvaðst að lokum hafa gefist upp. Hún hafi spurt ákærða að því, hvað hann væri að gera, og hann svarað, að hann væri „búinn að bíða nógu lengi eftir þessu tækifæri“. Einu sinni hafi sér tekist að ræða við ákærða og beðið hann um að hætta, en hann setið ofan á sér, án þess þó að halda henni í tókum. Yfirleitt hafi hann hætt augnablik, en hafið samfarirnar á ný. Kvaðst hún ekki vita, hvenær honum hafi orðið sáðlát, en talið, að sæðið hafi farið inn í kynfæri sín. Hún hafi áður sagt við ákærða, að það stæði illa á og að hún gæti orðið ófrisk. Ákærði hafi spurt, hvort það væri satt, og borið, að hann ætti eftir að iðrast þess á morgun, hvað hann hefði gert. Að samförunum loknum hafi ákærði lagst við hlið sér í sófanum, talað um, hvað hann væri sveittur, sleppt af sér tókunum, kveikt á útvarpinu og lagst fyrir á ný. Þá hafi ákærði borið, að hún ætti eftir að lesa á næstu dögum í blöðunum um pilt, sem hefði fyrirfarið sér. X kvað ákærða hafa sögið sig á hálsi vinstra megin fyrir samfarirnar og haldið sér á meðan. Hún kvað samfarirnar hafa staðið lengi yfir og giskaði á, að þær hefðu staðið yfir frá því klukkan 7.00 til

8.00. Vitnið kvað ákærða ekki hafa sofnað strax eftir samfarirnar. Um leið og ákærði hafi sofnað, hafi hún klætt sig og ætlað út, en hann vaknað við það, að hún opnaði dyrnar, þar sem hurðarhúnninn hafi dottið af. Sjálf hafi hún ekkert sofnað. Ákærði hafi spurt sig, hvort hún væri að fara og hvort hún væri vond. Hún hafi sagt, að hún væri að fara, og hann þá boðist til að aka sér, en þá hafi klukkan sennilega verið um 9.00. Vitnið kvaðst ekki hafa þorað að neita því af ótta við ákærða. Hann hafi ekið sér til B, vinkonu sinnar, sem hún hafi hringt í áður. Vitnið kvaðst hafa beðið B að hringja í ákærða og segja honum, að hún ætlaði sér að kæra hann. Ákærði hafi sagt: „Já og O.K.“ og lagt tólið á.

X var spurð að því, hvort henni hefði ekki dottið í hug að fara með Kristjáni, er hann kom í síðasta sinn.

Hún kvað svo ekki hafa verið, þar sem hann hafi að sögn ákærða átt eftir að fara með foreldra sína til Sandgerðis og hún staðið í þeirri trú, að hann kæmi í bakaleiðinni, þótt síðar hafi annað komið í ljós, þar sem Sigurjón hafi sagt sér eftir þetta, að hann hafi beðið Kristján að koma ekki aftur, og enn fremur hafi hún búist við, að A, vinkona sín, kæmi.

X var spurð að því, hvort hún hefði oft heimsótt ákærða, og svaraði hún því játandi.

Þá var hún innt eftir því, hvort hún hefði farið inn í svefnherbergi með ákærða, áður en þetta gerðist, og svaraði hún því enn fremur játandi.

X var þá spurð að því, hvort þau hefðu í það skipti klætt hvort annað úr að ofan og kysst hvort annað.

Vitnið kvað svo vera, en kvaðst ekki hafa ætlað að hafa samfarir við ákærða þá. Gestir hafi verið í stofunni, og þess vegna hafi hún farið inn í svefnherbergi ákærða til að kyssa hann.

X var spurð að því, hvort hún hefði áður haft samfarir, og svaraði hún því neitandi.

Þá var hún spurð að því, hvort hún hefði haft uppi samfarahreyfingar og notið samfaranna.

Vitnið svaraði því hvoru tveggja neitandi og kvaðst hafa barist um til að reyna að losna við ákærða ofan af sér.

Vitnið var innt eftir því, hvort hætta hefði verið á því, að hún yrði vanfær á þessum tíma, og svaraði hún því játandi, en kvað það ekki hafa gerst.

Vitnið tók fram, að ákærði hefði sagt við sig, að hann ætlaði að fyrir-fara sér, og vinir hans hefðu einnig sagt sér það. Það kvaðst því óska eftir, að ákærða yrði ekki gerð refsing, en kvaðst halda fast við kærana.

Vitnið gerði ekki skaðabótakröfu í málinu.

Framburður ákærða fer hér á eftir.

Ákærði var handtekinn á heimili sínu laust fyrir klukkan 21.00 2. desember sl.

Ákærði bar, að hann hefði verið heima hjá sér að Skerseyrarvegi 1 A, Hafnarfirði, að kvöldi 1. desember sl. ásamt Kristjáni Daða, Kristjönu og Ingu Dóru. Þau hefðu farið og X komið, en hún hefði verið í afmæli hjá vinkonu sinni, en þar hefði hann einnig verið fyrir um kvöldið. Hann hefði búist við, að vinkonur hennar kæmu með henni, en X sagt honum, að hún hefði bannað þeim það, þar sem þær hefðu verið svo margar. Ákærði kvað þau hafa setið og spjallað og Kristján, Kristjana og Inga Dóra komið að nýju. Hann hefði boðið X í glas, sem hún hefði þegið. Nóttin hefði liðið og Kristján bæði komið og farið, en milli kl. 5.00 og 6.00, þá er þau voru ein í íbúðinni, hefði hann byrjað að reyna við X. Hún hefði ekki tekið of vel í það, en hann reynt að kyssa hana. Hann hefði ætlað að sofa inni í herbergi og hún frammi í stofu og hann tekið sófann út. Ákærði kvaðst hafa sótt sæng inn í herbergi og lagst við hlið X í sófann. Þá hefði hann reynt að kyssa hana, en hún ekki viljað það og sagt, „að hún tryði þessu ekki á hann“. Ákærði bar ýmist, að vitnið hefði verið mótfallið kossunum eða endurgoldið þá. Ákærði kvaðst hafa reynt að færa X úr buxunum, en hún mótmælt því og reynt að halda þeim uppi, en hann haldið áfram að klæða hana úr. Á meðan hann hefði klætt hana úr, hefði hann setið klovvega ofan á henni og haldið höndum hennar upp með höfðinu. Hún hefði þá sagt: „Ég trúi ekki, að þú ætlir að gera þetta.“ Hann hefði ekki hlustað á þetta og enn fremur klætt sig úr. Er hann hefði sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar, hefði hún öskrað og hann þá tekið fyrir vit henni og komið fram vilja sínum. Hún hefði þá sagt: „Drifðu þetta af“ og aðstoðað sig við að fara úr skyrtu. Þá hefði hún endurgoldið kossana og notið samfaranna á sama hátt og hann. Sér hefði orðið sáðlát, er getnaðarlimurinn var inni í kynfærum hennar. Að þeim loknum hefðu þau legið saman í rúminu og sofnað í faðmlögum.

Ákærði kvaðst síðan hafa vaknað við það, að X hefði verið að opna dyr fram á gang, en húninn hefði dottið af. Hann hefði þá boðið X að aka henni heim og hún þegið það. Ákærði kvaðst hafa ekið henni heim til vinkonu hennar, en áður hefði X sagt, að hún ætlaði að hitta hann um kvöldið. Á heimleiðinni hefði hann sótt bróður sinn, en þá hefði B, vinkona X, hringt í bílasímann og sagt við ákærða, að hún ætlaði að kæra hann. Hann hefði sagt, að hann myndi tala við hana síðar, þar sem bróðir sinn væri í bifreiðinni.

Ákærði var inntur eftir því, hvort hann hefði beitt stúlkuna ofbeldi við að koma getnaðarlimnum inn í kynfæri hennar.

Ákærði kvaðst hafa haldið höndunum upp með höfði hennar á meðan. Í skýrslu hjá RLR, sem ákærði staðfesti fyrir dómi, að væri rétt, bar

hann, að X hefði öskrað, er hann hefði sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar, og hann þá tekið fyrir munn henni.

Ákærði kvað það rétt, að hann hefði tekið fyrir munn henni, en hún hefði ekki öskrað, heldur sagt, „að hún tryði því ekki, að hann ætlaði að gera þetta“.

Ákærði var þá sérstaklega spurður að því, hvers vegna hann hefði tekið fyrir munn X, og gat hann ekki gefið aðra skýringu en þá, að nágranni sinn væri viðkvæmur fyrir hávaða.

Ákærði viðurkenndi að hafa, þá er Kristján kom að húsinu í síðasta sinn um nóttina, farið út til að tala við hann, af því að hann hefði viljað vera einn með X.

Ákærði var spurður að því, hvort rétt væri eftir honum haft í lögreglu-skýrslu, að hann hefði beitt X meiri þvingun en eðlilegt geti talist, er hann hefði haft við hana samfarir.

Ákærði bar, að þetta væri rétt, hann hefði verið svolítið „ýtinn á þetta“.

Ákærði bar, að hann hefði þekkt X í nokkurn tíma, áður en þetta gerðist. Helgina áður hefðu þau farið inn í svefnherbergi og bæði klætt sig þar úr að ofan og kysst hvort annað, en þá hefðu gestir verið frammi í stofu, og vegna hávaða frá þeim hefðu þau hætt við.

Ákærði var færður í skoðun hjá fangelsislækni 3. desember sl., en ekki er neitt að finna í gögnum málsins um ástand ákærða. Að skoðun lokinni var ákærði frjáls ferða sinna.

Samprófun ákærða og X fór fram fyrir dómi.

Ákærði var spurður að því, hvort hann hefði verið í sama afmælisboði og vitnið fyrr um kvöldið og boðið öllum gestum þar í „party“.

Ákærði kvað það vera rétt, og staðfesti vitnið það.

Vitnið bar, að það hefði hringt í ákærða, er það hefði verið í afmælinu, og sagt honum, að fyrst færu þau upp í Breiðholt.

Ákærði staðfesti, að þetta væri rétt.

Ákærði var spurður að því, hvernig hann hefði setið ofan á vitninu, og kvaðst hann hafa setið klovvega ofan á því, en það hafði áður komið fram hjá vitninu.

Ákærði og vitnið voru bæði spurð að því, hvort þau hefðu verið nakin, er samfarirnar fóru fram, og voru þau sammála um, að í fyrstu hefðu þau verið klædd að ofan, en síðar nakin.

Vitninu var kynntur framburður ákærða þess efnis, að í fyrstu hefði hún verið samförunum mótfallin, en síðar sagt: „Drífðu þetta af.“

Vitnið kvaðst hafa verið samförunum móttfalið, og þetta væri því ekki rétt hjá ákærða.

Þá var vitnið spurt að því, hvort ákærði hefði tekið fyrir vit því.

Vitnið kvað svo vera, það hefði ætlað að kalla á hjálp af neðri hæðinni og hann þá sagt: „Þetta skaltu, sko, ekki gera.“

Ákærði staðfesti, að þetta væri rétt.

Ákærði og vitnið voru sammála um það, að samfarirnar hefðu staðið lengi yfir og þau bæði verið undir töluverðum áfengisáhrifum, er þær fóru fram.

Ákærði og vitnið hafa bæði verið staðföst í framburði sínum frá upphafi málsmeðferðar.

Vitnið Kristján Daði Valgeirsson, gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að það hefði komið til ákærða rétt fyrir miðnætti 1. desember sl. ásamt Kristjönu og Ingu Dóru og hann þá verið einn heima. Það hefði ætlað að aka foreldrum sínum til Sandgerðis síðar um nóttina og verið að drepa tímann. Þau hefðu farið af Skerseyrarveginum, en komið þangað aftur um kl. 2.00 og X þá verið komin, en það hefði vitað til þess, að hún hefði ætlað að koma þangað ásamt fleiri vinkonum sínum. Aftur hefðu þau farið af Skerseyrarveginum og það ekið Ingu Dóru heim og ætlað að sækja foreldra sína, en þau ekki verið tilbúin, svo að það hefði farið enn á ný heim til ákærða. X og Sigurjón hefðu bara verið þar tvö ein og bæði neytt áfengis. Eftir það hefði það sótt foreldra sína, ekið þeim til Sandgerðis, en að venju ekið að Skerseyrarvegi í bakaleiðinni, en séð, að allt var slökkt, og verið að aka í burtu, er ákærði hefði komið hlaupandi út. Það hefði sagt honum, að það væri á leið heim að sofa.

Vitnið var spurt að því, hvort ákærði hefði sagt því að fara, og svaraði það því neitandi.

Vitnið var beðið að skýra það, sem eftir því var haft í skýrslu hjá RLR: „X hafi ekki sagt, að hún vildi vera ein með Sigurjóni, heldur hefði hún gefið það óbeint í skyn.“

Vitnið bar, að hún hefði komið ein, en áður hefði hún talað um það að koma með vinkonur sínar með sér.

Vitnið kvaðst hafa vitað, að X og Sigurjón þekktust og hún hefði áður komið á Skerseyrarvegin til hans.

Framburður vitnanna Kristjönu Þorbjargar Jónsdóttur og Ingu Dóru A. Gunnarsdóttur er efnislega samhljóða framburði Kristjáns Daða, og verður hann því ekki rakinn hér að því undanskildu, að vitnið Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir kvaðst hafa spurt X að því þarna um nóttina, hvort hún væri hrifin af ákærða og hvort hún gæti hugsað sér að vera með honum, og hefði X svarað þessu hvoru tveggja neitandi.

Vitnið tók fram, að þau hefðu bæði verið kát og hress og ekkert athuga-vert að sjá.

Vitnið B gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að vinkona þess, X, hefði hringt um kl. 9.00 að morgni

sunnudagsins 2. desember og spurt, hvort hún mætti koma. Það hefði svarað því játandi, og skömmu síðar hefði hún komið og verið grátandi.

X hefði í fyrstu ekki vitað, hvað hún ætti að gera, hvort hún ætti að kæra Sigurjón eða ekki. Hún hefði beðið vitnið að hringja í Sigurjón og segja honum, að hún ætlaði að kæra hann. Sigurjón hefði einungis sagt: „O.K.“ og lagt á. X hefði síðan hringt sjálf í hann og spurt hann að því, hvort hann hefði ekki trúað vitninu.

Að beiðni vitnisins hefði það hringt í Kvennaathvarfið, en þangað hefðu þær farið ásamt móður vitnisins. Kona frá Kvennaathvarfinu hefði fylgt X í skýrslutöku hjá RLR.

Rannsóknarlögreglumennirnir Bjarnþór Aðalsteinsson, Grétar Sæmundsson, Gylfi Gylfason, Haraldur Sigurðsson og Kristján Friðþjófsson komu allir fyrir dóm og staðfestu að hafa unnið að rannsókn málsins, bæði með skýrslutökum, rannsókn á vettvangi, teikningum, myndatökum af fatnaði, aðstæðum í íbúð ákærða og fleira. Verður það ekki rakið frekar hér.

Hinn 3. desember hafði Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglu- maður samband við Ástu Gísladóttur, íbúa á neðri hæð að Skerseyrarvegi 1 A, Hafnarfirði. Hún kvaðst hvorki hafa orðið vör við hávaða né neitt óeðlilegt aðfaranótt sunnudagsins 2. desember sl. eða um morguninn. Ásta kvaðst búa þar ásamt eiginmanni og þremur börnum. Hún kvaðst geta full- yrt, að ekkert þeirra hefði orðið vart við nokkuð óeðlilegt.

Saksóknari og verjandi sáu ekki ástæðu til, að vitnið yrði leitt fyrir dóm.

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir skoðaði vitnið kl. 18.00 2. desem- ber sl.

Í niðurstöðu læknisins segir orðrétt: „Almenn skoðun: X er verulega þreytt. Hún virkar róleg, en undir niðri er henni greinilega mikið brugðið. Er í alla staði samvinnuþýð og skýr. Það finnst marblettur innanvert á vi. upphandlegg, ca. 1½ x 1 cm, og tveir stórir marblettir, sogblettir, á hálsi vinstra megin, sá kröftugri og aftari 2½ x 1½ cm, sá fremri og dreifðari 2½ x 3 cm. Tvær smárispur vinstar megin á hálsi og lítið hruff á höku. Að auki er óverulegur roði um úlnið við handarbak, en hvorki mar né sár.

Kvensjúkdómaskoðun: Roði við ytri kynfæri. Mikið sæðislegt slím um alla barma og í hárum. Í inngangi legganga sést, að meyarhaftshringurinn er rofinn kl. 18.00, og er mar og bólga kringum sprunguna, sem er ca 0,4 mm á dýpt. Er vægt aurn þar viðkomu. Mjög mikið slím í leggöngum. Tekin sýni í smásjárskoðun fyrir sæðisfrumuleit.

Smásjárskoðun: Ríkulegt magn sæðisfrumna finnst í öllum glerjum (sic) skoðuðum.

Álit: X kærir pilt fyrir að hafa tekið sig nauðuga á heimili hans, þar sem hún var gestkomandi, hafi haldið sér. Hefur marblett framanvert á vi. upphandlegg og marbietti tvo stóra á hálsi vinstra megin, sem líkjast

sogblettum. Það sést, að meyarhaft hefur rifnað í átökunum, grunn rifa að aftan kl. 18.00 með mari og bólgu í kring. Það finnast heilar sæðisfrumur við smásjárleit.“

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir kom fyrir dóm og staðfesti álitserð sína.

Hann var spurður að því, hvort stúlkan hefði borið óeðlilega áverka miðað við eðlilegar samfarir.

Hann kvað áverkana við kynfæri vera vegna afmeyjunar, en aðrir áverkarnir hefðu verið marblettur á upphandlegg, við úlnliði, sogblettir á hálsi, hruff á höku og rispa á hálsi. Hann kvaðst ekki ætla að geta sér til um tilkomu áverkanna, en þeir bendi til einhverra átaka.

Læknirinn var spurður að því, hvort hann gæti skýrt frekar hrufflið á hökunni, rispurnar á hálsi og marblettinn á upphandlegg.

Hann kvað marblettinn á upphandleggnum hafa orsakast af föstu taki, og hrufflið á höku og rispurnar á hálsi séu ekki það, sem búast megi við eftir venjulegt „keleri“.

#### *Niðurstöður.*

Ákærði hefur viðurkennt að hafa með líkamlegu ofbeldi þröngvað X [...], til holdlegs samræðis, er hún var gestkomandi á þáverandi heimili hans, Skerseyrarvegi 1 A, Hafnarfirði, snemma að morgni 2. desember sl. Ákærði hefur að visu borið, að X hafi í fyrstu verið samförunum mótfallin, en síðar sagt: „Drífdú þetta af.“ Ákærði hefur hins vegar lýst því nákvæmlega, hvernig hann hafi haldið höndum X upp með höfði hennar, þar sem hann hafi setið klofvega ofan á henni, er hann klæddi hana úr gegn vilja hennar, en til þess hafi hann í fyrstu notað aðra höndina, en síðar fæturna. Þá hefur hann enn fremur viðurkennt að hafa gripið fyrir vit X, er hann setti getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og hún hugðist kalla á hjálp, en áður notað fætur sína við að koma fótleggjum hennar í sundur. Framburður X er á sama veg að því undanskildu, að vitnið kveðst aldrei hafa gefið samþykki sitt til samfaranna, heldur þvert á móti. Í fyrstu hafi hún reynt að tala ákærða til, en síðar barist um af öllu afli og reynt að hrista hann ofan af sér. Þegar lítið er til framburðar ákærða og vitnisins, sem er í meginráttum samhljóða, niðurstöðu úr almennri skoðun kvensjúkdómalæknis, framburðar hans fyrir dómi, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### *Sakaferill ákærða.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 14. maí sl., hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Nr. 95.

Ákærufrestun skilorðsbundið tvö ár frá 12.8. 1987 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

1989 27.9. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið tvö ár frá 14.11. 1989 fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

#### *Refsing ákærða.*

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði hefur með háttsemi sinni rofið skilorð dóms sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 27. september 1989, en þar var ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár frá 14. nóvember 1989 vegna brots ákærða á 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987. Eftir atvikum þykir rétt með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955, að láta framangreindan dóm standa óraskaðan.

#### *Sakarkostnaður.*

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talda greiðslu saksóknarlauna í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 50.000, og málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 50.000.

Af hálfu ákærvaldsins sá Björn Helgason um saksókn.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurjón Gunnar Halldórsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 50.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.